



Framkvæmda- fréttir

2. tbl. / 15



Klakastífla undir brúnni á Jökulsá á Fjöllum 18. janúar 2015. Ljósmynd: Bragi Benediktsson á Grímsstöðum.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni þriggja rannsóknarskýrslna. Finna má skýrslurnar í heild á www.vegagerdin.is undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“

Snjókort af Íslandi og skafrenningsspár – II,

Hróbjartur Þorsteinsson, Veðurstofu Íslands [VI]; Skúli Þórðarson Vegsýn; Bolli Pálmason, Ví; Sigurður Þorsteinsson, Ví; Harpa Grímsdóttir, Ví og Þorsteinn Þorsteinsson Ví, desember 2014

Skýrslan gerir grein fyrir framvindu verkefnis, sem Vegagerðin styrkti árið 2013. Verkefnið tengdist Norðurslóðaverkefninu SNAPS (Snow, Ice and Avalanche Applications). Helstu verkþættir voru áframhaldandi þróun snjókorta af Íslandi út frá MODIS (Moderate Resolution Imaging Spectroradiometer)-gervitunglamyndum, reikningar á útbreiðslu vatnsgildi snjóþekju með Harmonie-veðurlíkaninu, saman-

burður á niðurstöðum Harmonie líkanareikninga við snjó-mælingar og þróun spákorta af skafrenningi sem nýta gögn úr Harmonie sem inntak. Síðastnefndi hlutinn var unninn í samvinnu við Vegsýn ehf.

Snjókortin eru birt daglega á vef SNAPS verkefnisins (www.snaps-project.eu) og eru einnig aðgengileg á kortabrunni Veðurstofunnar. Jafnframt er þar spákort fyrir skafrenning, sem nýtt er af fagaðilum, m.a. vetrarþjónustu Vegagerðarinnar.

Í skýrslunni kemur fram að ágæt samsvörun er milli útbreiðslu snævar á MODIS snjókortum og kortum sem reiknuð eru með Harmonie-líkaninu. Ýmissa endurbóta er þó þörf varðandi reikninga á snjómagni, t.d. er landlíkanið sem Harmonie notar ekki nákvæmt og getur það leitt til rangrar ákvörðunar á snjókomu. Enn fremur getur hiti í neðstu lögum líkansins verið rangur og getur það haft áhrif á

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 2. tbl. 23. árg. nr. 642 2. febrúar 2015

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Skafrenningur í Langadal, Hringvegur (1).

- ▶ hvort líkanið lætur úrkomu falla sem regn eða snjó en það hefur áhrif á skafrenningsspána.
Snjókort hafa fjölþætta hagnýtingu. Þau spá fyrir um magn og eðliseiginleika snævar og gefa þannig betri yfirsýn yfir snjóáðstæður. Þau eru m.a. innlegg í skafrenningsspár, snjóflóðaspár og flóðaspár á leysingatíma. Skafrenningsspár eru gagnlegar við stjórnun vetrarþjónustu og umferðarstýringu á óveðurstíma.

Fagurfræði og list í samgöngum

Dr.ing. Haraldur Sigbórnsson og Dr.ing Stefán Einarsson, desember 2014

Í skýrslunni er leitast við að skoða hugtakið fagurfræði og skilgreiningar á því. Hugtakið er skilgreint nánar út frá tengslum við fagurfræði brúa og vegamannvirkja og er

fjallað nánar um hugtökin út frá heimildum, m.a. frá Noregi og Bandaríkjunum.

Í skýrslunni kemur fram að fagsviðið hefur verið í þróun um alllangan tíma, en hugmyndir um að nota fagurfræði við hönnun eru löngu komnar fram. Fram kemur að mikið sé lagt upp úr þessu fræðasviði í nágrennalöndum okkar, m.a. í Noregi, þaðan sem heimildir eru um rannsóknvinnu á fagurfræði vegamannvirkja. Þar hafa verið miklar framkvæmdir í tengslum við svokallaða ferðamannavegi. Í Danmörku er í starfi ráðgjafi sem tekur út hönnunartillögur um vegi og veitir ráðgjöf um fagurfræðileg málefni. Finnar hafa leitt í lög að meta skuli brýr, sem teljast varðveita sögulegar heimildir með sérstöku kostnaðarframlagi til fagurfræði.

Í skýrslunni kemur skýrt fram að fagurfræði verður aldrei



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda fyrir jólafrí 26. janúar 2015. Búið er að sprengja samtals 3.572 m sem er 49,6% af heildarlengd.



Norðfjarðargöng, staða framkvæmda fyrir jólafrí 24. janúar 2015. Búið er að sprengja samtals 5.138 m sem er 67,9% af heildarlengd.



Fagurfræði og list í samgöngum. Siglufjarðarvegur (76) í Fljótum. Eitt dæmi sem skýrsluhöfundar meta í viðauka.

aðskilin fullkomlega frá öðrum þáttum, sem skipta máli í heildrænu samhengi, svo sem öryggi við akstur á vegum. Hönnunarferlið verður að innihalda alla þætti, sem skipta meginmáli í þessu samhengi.

Greint er frá mati skýrsluhöfunda á fagurfræði nokkurra vegkafla, eftir tíu setningum sem settar hafa verið fram um góða veghönnun, þar sem samband vegar og landslags skipar veigamikinn sess. Þá er í skýrslunni greint frá óformlegri skoðanakönnun á fagurfræði nokkurra brúarmannvirkja.


Malbikun á gólf steyptra brúa – þriðji áfangi

Gísli Guðmundsson, Mannvit verkfræðistofa, desember 2014

Á árunum 2008 og 2009 styrkti rannsóknasjóður Vegagerðarinnar verkefni sem hafði að markmiði að kanna bestu leiðir til að mynda einangrun milli malbiks og steypu sem varnar því að klóríð frá hálkuefnum leki niður í steypuna og tæri járnabendingu. Mismunandi einangrunarefni voru borin á steypusýni og þau sett í klóríðlausn. Svarfsýni voru fræst úr prófsýnunum og styrkur klóríðs sem fall af dýpi



Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is



Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.austurfrett.is

inn í sýninu ákvarðaður með því að leysa svarfið upp í saltþétursýru.

Þau einangrunarefni sem voru prófuð, voru vatnsfæla, tvö sementsbundin viðgerðarefni, tvær mismunandi gerðir af bikþeytu og tjörubundið einangrunarefni. Auk þess voru höfð viðmiðunarsýni.

Niðurstöður prófanna 2008 og 2009 sýndu að sementsbundin viðgerðarefni og monosilan vatnsfæla hafa engin áhrif á leiðni klórs inni í steypu. Bikþeyta dregur aðeins úr leiðni klóríðs ef hún er borin á rakt yfirborð, sérstaklega sú gerð sem var með 63% bik (á móti 52%). Tjörubundið einangrunarefni (Chevron Industrial Membrane, CIM) reyndist best og dró verulega úr leiðni klórs.

Verkefni ársins 2014 var fólgið í að skoða stöðuna eftir lengri tíma, milli 5 og 6 ár í klóríðlausn. Niðurstöðurnar voru þær sömu og áður, þ.e. að CIM einangrunarefni reyndist best og bikþeyturnar komu þar á eftir. ■



Reykjanesbraut.

Gönguþveranir, leiðbeiningar fyrir hönnuði

Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa gefið út leiðbeiningar fyrir hönnuði gönguþverana. Ritið í heild má finna á vegagerdin.is undir „upplýsingar og útgáfa“.

Inngangur leiðbeiningarritsins

Í þessum leiðbeiningum er fjallað um útfærslu gönguþverana í plani. Með gönguþverun er átt við stað þar sem gert er ráð fyrir að gangandi og hjólandi vegfarendur geti komist yfir götu.

Gönguþveranir geta verið:

Ómerktar

Merkta sem gangbrautir (sebrabrautir)

Með umferðarljósum, nærri eða fjarri gatnamótum

Mislægar (ekki fjallað um)

Markmiðið með útgáfu þessara leiðbeininga er að auðvelda hönnuðum, tæknimönnum sveitarfélaga og öðrum veghöldurum vinnu við skipulag gönguþverana og val á hvaða útfærsla henti fyrir mismunandi aðstæður. Einnig er markmiðið að stuðla að gerð öruggra gönguþverana og aðlaðandi og aðgengilegu umhverfi allra vegfarenda. Þá munu leiðbeiningarnar hjálpa til að gera aðstæður sambærilegar um land allt sem kemur í veg fyrir óvissu og stuðlar þannig að því að staða allra vegfarenda sé skýr í umferðinni.

Leiðbeiningarnar ganga út frá núgildandi umferðarlögum (Alþingi, 1987) og tilheyrandi reglugerð (Alþingi, 1995) en byggja þar fyrir utan að miklu leyti á norrænum heimildum og þá sérstaklega handbók norsku Vegagerðarinnar um gönguþveranir (Statens vegvesen, 2007a) og umferðaröryggishandbókinni frá TØI (TØI, 2012).

Leiðbeiningarnar eru unnar af Herði Bjarnasyni (Mannvit) og Guðbjörgu Lilju Erlendsdóttur (Efla) fyrir Vegagerðina og Reykjavíkurborg, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samgöngustofu. Umferðardeild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu veitti álit vegna löggæsluþekkingar. ■



Gönguþveranir, almennar ráðleggingar:

- Staðsetja þar sem gangandi vegfarendur finnst edlilegt að fara yfir götu og þannig að gönguþverun nýtist sem flestum.
- Leitast skal við að umferðarhraði sé lágur við gönguþverun, í samræmi við aðstæður.
- Þar sem er kantsteinn er gangstétt lækkuð niður í götuhæð við gönguþverun eða yfirborð götu hækkað upp í hæð gangstéttar með upphækkun (flöt að ofan).
- Gönguþverun án ljósastryngingar ætti ekki að vera þar sem eru fleiri en ein akreini í hvora átt.
- Æskilegt er að koma fyrir miðeyju við gönguþverun þannig að gangandi þurfi ekki að þvera nema einn straum umferðar í einu. Breidd eyjunnar skal rúma reiðhjól eða manneskju með barnavagn.
- Fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda er mikilvægt að hægt sé að fylgja ákveðnum leiðarlínum gegnum miðeyjur, t.d. með hækkuðum hliðarkanti.
- Gönguþverun sé sem næst hornrétt á götu og þannig að þverunin sé sem styst. Breidd götu (tvær akreinar) sem þveruð er ætti helst ekki að vera meiri en 7 m. Breiðari götur ætti að ihuga að þrengja eða setja í þær miðeyju.
- Gönguþverun án gangbrautar eða umferðarljósa skal ekki merkja með yfirborðsmerkingum (sebrabraut) eða gangbrautarskilti. Gönguþverun sem stýrt er með umferðarljósum skal einungis merkja með tveimur samsíða röndum þvert á akbraut.
- Gönguþveranir milli gatnamóta geta bætt aðgengi gangandi séu þær í góðum tengslum við gönguleiðir.
- Í byggð skal ekki að vera minna en 50 m milli gönguþverana sem ekki eru á gatnamótum.
- Gönguþveranir ættu ekki að vera nær gatnamótum með umferðarljósum en 100 m (hvort sem við gatnamótin er gönguþverun eða ekki).



Mynd 9 Gönguþverun á upphækkun.

Rammagrein úr leiðbeiningarritinu.

Auglýsingar útboða

Norðfjörður, togarabryggja

- þekja og lagnir 15-020

Hafnasjóður Fjarðabyggðar óskar eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir og magnbólur eru:

Bygging rafmagns- og vatnshúss

Ídráttarrör fyrir rafmagn

Leggja vatnslagnir og koma fyrir vatnsbrunni

Steypa þekju, 1.465 m²

Verkinu skal lokið eigi síðar en 12. júní 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) og á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2 á Reyðarfirði, frá og með mánuðeginum 2. febrúar 2015. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. febrúar 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Tograbryggja á Norðfirði, sjá útboðsauglýsingu.



Ekjubrú í Stykkishólmi, sjá útboðsauglýsingu.

Stykkishólmur,

breyting á ekjubrú 15-019

Hafnarstjórn Stykkishólmsbæjar óskar eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir eru:

Stálmíði og galvanhúðun 1.350 kg

Steypusögung og –brot 2 m³

Jarðvinna

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. maí 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) og á bæjarskrifstofu Stykkishólmsbæjar, Ráðhúsinu, Hafnargötu 3 í Stykkishólmi, frá og með þriðjudeginum 3. febrúar 2015. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. febrúar 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hafnarstjóri Stykkishólmsbæjar



Vatnafræðileg hönnun ræsa og brúa

Dagana 14. og 15. janúar stóðu Vegagerðin og Háskóli Íslands fyrir námskeiði um vatnafræðilega hönnun ræsa og brúa. Námskeiðið kemur í kjölfar vinnu við ritun handbókar um hönnunarflöd og uppfærslu á úrkomukortum sem rannsóknasjóður Vegagerðarinnar og fleiri aðilar hafa styrkt. Þátttakendur á námskeiðinu voru 32 talsins, þar af 13 starfsmenn Vegagerðarinnar.

Slóðin á handbókina er:

[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Flodahandbok_2013/\\$file/Flodahandbok_2013.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Flodahandbok_2013/$file/Flodahandbok_2013.pdf)

Efnisvinnsla á Austursvæði

2015 - 2016 15-021

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu í átta námum á Austursvæði.

Helstu magnbólur eru:

Klæðingarefni 18.400 m³

Malarslitlag 6.000 m³

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2016.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 3. febrúar 2015. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl.14:00 þriðjudaginn 17. febrúar 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Námskeiðið var haldið í fundarsal Vegagerðarinnar, Borgartúni 7.

„Þá og nú“, leiðréttingar

Það má kalla það eitt af markmiðunum með birtingu gamalla ljósmynda hér á næstsíðustu síðu sé að fá fram leiðréttingar við rangar merkingar. Hér kom tvær slíkar.



Myndin hér að ofan birtist í síðasta tölublaði 2014 og var þar ritað samkvæmt merkingu á myndaspjaldi að bærinn í baksýn væri Smyrlahóll í Haukadal. Sæmundur Kristjánsson yfirverkstjóri hjá Vegagerðinni í Búðardal sendi leiðréttingu þar sem segir að bærinn sé Núpur og vegstæðið á myndinni sé svokölluð Tæpa. Smyrlahóll er hins vegar innar í dalnum.



Suðureyrarvegur undir Spilli
Súgandafjarðarvegur frá 1963

Myndin hér að ofan birtist í síðasta tölublaði og var þar ritað samkvæmt merkingu á myndaspjaldi að hún væri tekin árið 1963. Við nánari skoðun á merkingunni kom í ljós að



Suðureyrarvegur, undir Spilli

1953

líklega er þar átt við að vegurinn hafi fengið nýtt nafn árið 1963 og hétu eftir það Súgandafjarðarvegur en áður hét hann Suðureyrarvegur. Það er margs að gæta við þessar birtingar.

Það var Pétur Einir Þórðarson sem vakti athygli á þessari villu og en á myndinni má sjá föður hans, Þórð Halldór Ágúst Ólafsson (f. 01.08.1911) bónda á Stað í Staðardal. Pétur er fæddur og uppalinn á Stað og þekkir því vel til. Hann skrifaði að mjólk hafi ekki verið flutt á hestakerru eftir 1955 og taldi að myndin hafi verið tekin á árunum 1952 til 1954. Við nánari athugun kom í ljós önnur mynd sem líklega var tekin í sömu ferð og er hún greinilega merkt með ártalinu 1953.

Már Viðar Másson sendi inn sömu athugasemd og benti á að Jón J. Víðis, sem tók þessar myndir, hafi ekið á Willisjeppa fram til 1956 en eftir það á Rússajeppa, sjá myndina hér að neðan frá sama stað sem merk er með ártalinu 1960. Már Viðar var aðstoðarmaður Jóns J. Víðis við mælingar.



Undir Spilli

60

Það er mjög þakkarvert að lesendur rýni vel í þessar gömlu myndir og láti vita um rangfærslur. Við höldum því vel til haga og birtum allar ábendingar.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2015, blettanir með klæðingu 15-005

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í blettanir með klæðingu á Vestursvæði og Norðursvæði á árinu 2015.

Helstu magntölur:

Blettun (k1) útlögn á Vestursvæði . . 150.000 m²

Blettun (k1) útlögn á Norðursvæði . . 135.000 m²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. febrúar 2015. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. febrúar 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Þá . . .



. . . og nú

Brekustígur á Akureyri, fyrir ofan íþróttavöllinn. Þessi friðsæla gata var áður aðalleiðin frá Akureyri, út Eyjafjörð og til Reykjavíkur. Farið var upp með Glerá og yfir hana á brú. Húsið með stóra kvistinum, sem sést á báðum myndunum, er Klapparstígur 1 og er það merkt með ártalinu 1930. Má ætla að gamla myndin sé tekin um það leyti eða stuttu síðar. Myndin er úr safni Geirs G. Zoëga. Nýja myndin var tekin í lok ágústmánaðar 2014.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:
	dagur, mánuður, ár
15-018 Örylgshafnarvegur (612), Skápadalur - Rauðasandsvegur	2015
15-017 Hvítársíðuvegur (523) um Bjarnastaði	2015
15-012 Búrfellsvegur (351) Búrfell - Þingvallavegur	2015
15-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2015, repave/fræsing og malbik	2015
15-007 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2015, malbik	2015
15-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2015, malbik	2015
15-003 Yfirlagnir á Suðursvæði 2015, klæðing	2015
15-004 Yfirlagnir á Vestursvæði 2015, klæðing	2015
15-002 Yfirlagnir á Norðursvæði 2015, klæðing	2015
15-001 Yfirlagnir á Austursvæði 2015, klæðing	2015
15-015 Norðfjarðarvegur (92), brú á Eskifjarðará	2015
15-011 Sólheimajökulsvegur (221), Hringvegur - Þjónustuhús og Landeyjavegur (221), Hringvegur - Uxahryggur I	2015
15-010 Kokkálsvíkurbíó, endurbuygging furubryggju	2015
15-006 Yfirlangir á Suðursvæði og Austursvæði 2015, blettanir með klæðingu	2015
14-029 Reykholtisdalsvegur (519) og Hvítársíðuvegur (523), Stóri Ás - Gilsbakki	2015
14-003 Hringvegur (1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur	2015
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2015
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
15-019 Stykkishólmur, breyting á ekjubrú	02.02.15 17.02.15
15-020 Norðfjörður, Tograbryggja - þekja og lagnir	02.02.15 17.02.15
15-005 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2015, blettanir með klæðingu	02.02.15 24.02.15
15-021 Efnisvinnsla á Austursvæði 2015-2016	02.02.15 17.02.15
15-014 Niðurrekstrarstaurar undir brú á Eskifjarðará	12.01.15 03.02.15
Útboð í forvalskerli	Auglýst: Opnað:
14-042 Bakkavegur Húsavík, Bökugarður - Bakki, forval jarðgöng og vegagerð	02.06.14 15.07.14
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
15-016 Akureyri, flotbryggjur í Sangerðisbót	10.01.15 27.01.15
15-013 Húsavík, sjónvörn 2015	12.01.15 27.01.15
14-062 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2015	15.12.14 13.01.15
14-058 Sjóvarnir á Akranesi og Hvalfjarðarsveit	01.12.14 16.12.14
14-063 Grímsey, flotbryggja við Suðurgarð	08.12.14 23.12.14
Samningum lokið	Opnað: Samið:
14-061 Hjalteyri, sandfangari 2014 Norðurtak ehf., kt. 503598-3229	09.12.14 15.12.14

Niðurstöður útboða

Efnisvinnsla á Suðursvæði 2015 14-062

Tilboð opnuð 13. janúar 2015. Efnisvinnsla í þremur námum á Suðursvæði.

Helstu magntölur eru:

Klæðingarefni	7.000 m ³
Efra burðarlag	6.000 m ³

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2015.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Nesey ehf., Skeiða- og Gnúpverjahreppi	50.025.000	121,1	4.625
1 Fossvélar ehf., Selfossi	45.400.000	109,9	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	41.300.000	100,0	-4.100

Þetta útboð var auglýst í dagblaði 10. janúar

Akureyri - flotbryggjur

í Sangerðisbót 14-016

Tilboð opnuð 27. janúar 2015. Hafnasamlag Norðurlands óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir eru:

Útveggun og uppsetning á þrem steinsteyptum flotbryggjum með landgangi, botnfestum og tilheyrandi búnaði.

Verkinu skal að fullu lokið 15. apríl 2014.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Katla ehf., Dalvík	53.520.000	120,6	12.903
2 Vélsmiðjan Orri ehf., Mosfellsbæ	47.813.000	107,7	7.196
--- Áætlaður verktakakostnaður	44.380.000	100,0	3.763
1 Króli ehf., Garðabæ	40.616.650	91,5	0

Endurútboð

Húsavík, sjónvörn 2015 15-013

Tilboð opnuð 27. janúar 2015. Sjónvörn á Húsavík.

Um er að ræða 250 m lengingu sjóvarnargarðs undir Húsavíkurbökkum.

Helstu magntölur:

Útlögn grjóts og kjarna 4.500 m³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. maí 2015.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 P.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	26.445.455	138,5	9.211
2 Ístrukkur ehf., Núpi, Öxafirði	24.900.000	130,4	7.666
--- Áætlaður verktakakostnaður	19.090.900	100,0	1.856
1 Norðurtak ehf., Sauðárkróki	17.234.500	90,3	0